



Krabbameinsfélag Norðausturlands



Minningarkort félagsins fást hjá eftirfarandi aðilum:

María Hermundsdóttir, Kópaskeri. S. 465-2170/866-7018

Verslunin Urð, Raufarhöfn. Sími 465-1111

Sigríður Kristín Andrésdóttir, Þórshöfn. Sími 468-1126

Í Ráðgjafajónustu Krabbameinsfélags Íslands er boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þess. Nánari upplýsingar á www.krabb.is og í síma 800-4040.

Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 5. apríl 2017.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heil síða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
13. tbl. 8. árg. Miðvikudagur. 29. mars 2017

Aðalfundur KSNÞ 2017

Verður haldinn í Lundi Öxarfirði á laugardaginn 8. apríl n.k
í umsjón Kvenfélags Öxfirðinga .

Fundur Kvenfélagssambands Norður- Þingeyinga sem er **öllum** opinn
hefst með hefðbundinni félagsmáladagskrá kl. 10.00.

Hádegisverður undir léttum nótum.

Fræðslu- og skemmtidagskrá í umsjón kvenna í héraði.

Hressingarganga og kaffiveitingar.

-0-0-0-0-0-0-0-0-0 **HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR** 0-0-0-0-0-0-0-0-0

Stjórnin



MENNINGARMIÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

Opinn stefnumótunarfundur

Haldinn í Sauðaneshúsi þriðjudagskvöldið 4. apríl kl. 20:00-22:00

Þessa dagana er stefna Menningarmiðstöðvar Þingeyinga til endurskoðunar en mikil breyting hefur orðið á starfseminni sl. 10 ár.

Í stefnunni er fjallað um hlutverk, markmið, leiðir og sérhæfingu innan stofnunarinnar. Stofnunin skiptist í margar deildir: Héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn, myndlistarsafn og byggðasöfn.

Fundurinn hefst á kynningu á starfsemi stofnunarinnar.

Menningarmiðstöðin er sameign Þingeyinga og er almenningi nú boðið að taka þátt í stefnumótunarfönnunni. Fundurinn er kjörið tækifæri fyrir áhugasama til að hafa áhrif á menningarstarf í heimabyggð.

Fundurinn er öllum opinn, heitt á könnunni.

Allar frekari upplýsingar veitir Sif Jóhannesdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga í síma 896 8218 eða í netfanginu: safnahus@husmus.is



GÍSLI Á UPPSÖLUM

Fræðasetur um forystufé gengst fyrir því að Elvar Logi hjá Kómedíuleikhúsinu kemur og sýnir einleikinn um Gísla á Uppsölum í Svalbarðsskóla **föstudaginn 21. apríl kl. 20:00**.

Verð á aðgöngumiða er 3.500 kr.

Einleikurinn hefur verið sýndur lengi í Þjóðleikhúsinu og víða um land og fengið mikil lof áhorfenda og gagnrýnenda. Hann rabbar við áhorfendur og svarar spurningum að lokinni sýningu sem tekur um 50 mínútur.

Það þarf að panta miða fyrirfram í **síma 694-8493** og er hægt að panta strax. Aðeins verður ein sýning og því takmarkaður sætafjöldi.

Minnt verður á sýninguna þegar nær dregur.

Daníel Hansen



Heimþjónusta á Bakkafirði

Auglýst er eftir starfsmanni við heimþjónustu á Bakkafirði frá og með 1. apríl nk. Um er að ræða hlutastarf. Vinnutími er eftir samkomulagi. Umsóknir sendist til naust@langanesbyggd.is

Nánari upplýsingar veitir Sara hjá NAUSTI í síma 832-3007.